

13. des—samstæðuspil

Þú þarft — prentara, hvítan pappír, þykkan pappír í lit, liti, skæri og lím

1

Byrjaðu á því að prenta út samstæðuspilið. Það er á næstu blaðsíðu, á eftir leiðbeiningunum. Best er að prenta á venjulegan hvítan pappír.

2

Nú skaltu lita myndirnar eins og þér finnst fallegast. Mundu bara að það þarf að lita samstæðurnar eins.

3

Þegar þú ert búin/n að lita allar myndirnar skaltu teikna þínar eigin myndir í auðu reitina. Hér þarf að vanda sig sérstaklega vel og búa til eins myndir í tvo reiti.

4

Þegar búið er að lita allar samstæðurnar þarf að klippa þær í sundur. Best er að fylgja línunum sem eru í kringum hverja samstæðu.

5

Næst límum við allar myndirnar á þykka pappírinn. Passið bara að það sé gott bil á milli myndanna.

6

Núna þurfum við aftur að klippa myndirnar út en í þetta sinn ætlum við að skilja eftir ramma í kringum hverja mynd.

7

Þegar búið er að klippa út allar myndirnar er samstæðuspilið tilbúið og við getum skorað á einhvern í skemmtilegt samstæðuspil.

